

Nd.

38. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Ásgeir Ásgeirsson og Sveinn Ólafsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin felur forstjóra landsverslunar forstöðu áfengisverslunar ríkisins.

Ríkisstjórnin getur sett lyfjafróðan mann forstjóra landsverslunar til aðstoðar og til eftirlits með lyfjabúðum og áfengiskaupum þeirra. Hann skal vera ráðunautur landsverslunar um kaup á nauðsynlegu áfengi til lyfja, umbúðum og hjúkrunargögnum, er talin verða í lyfjasöluskránni og ríkisstjórnin eða lyfjabúðir og læknar með lyfsöluleyfi óska eftir.

Reglur um verkaskiftingu milli forstjóra landsverslunar og eftirlitsmanns lyfjabúða setur ráðherra með erindisbrjefi.

2. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, skal leggja 50—75 %, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi að meðtöldum tolli.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. á þskj. 43, 1924, að öðru leyti en því, að lágmark álagningar á áfengi er fært úr 25 % upp í 50 %. Flutningsmenn hafa orðið þess áskynja, að í álagningu á Spánarvín hefir verið farið sem næst þeirri 25 % lágmarksálagningu, sem núgildandi lög heimila. En með því að Alþingi virðist í seinni tíð hafa hallast að aukning á munaðarvörutollum, og með því hinsvegar, að nú mun venja að leggja 50 % til 60 % á vínanda til iðnaðar, er hjer lagt til, að lágmarkið sje hækkað. Má og gera ráð fyrir, að tollar verði hækkaðir á þessu þingi á öðrum munaðar- og óþarfavörum.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar á þskj. 43, 1924, og umræðu um frv. á síðasta þingi.